



## FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík  
sími: 545 8400 postur@for.is  
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 28. janúar 2019  
Tilv.: FOR19010258/6.13

Efni: Sveitarfélögin og heimsmarkmiðin

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru einróma samþykkt af aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna árið 2015. Með aðild sinni hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til þess að vinna að markmiðunum fram til ársins 2030, bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

Með þessu bréfi langar mig að hvetja sveitarfélög til kynna sér heimsmarkmiðin. Þau geta verið mikilvægur leiðarvísir fyrir stefnumótun sveitarfélaga en mörg þeirra hafa beina skírskotun til nærsamfélagsins, hvort sem við tölum um menntun fyrir alla, hreint vatn eða sjálfbæra orku. Ellefta markmiðið snýr beint að starfsemi sveitarfélaga en þar er talað um sjálfbærar borgir og samfélög. Með því að nýta heimsmarkmiðin sem leiðarljós í stefnumótun og innleiða þau geta sveitarfélög lagt grunn að bæði eigin árangri og landsins í heild.

Ríkisstjórnin skipaði fyrir tæpum tveimur árum verkefnastjórn um innleiðingu heimsmarkmiðanna. Verkefnastjórnin vann stöðuskýrslu um stöðu Íslands gagnvart markmiðunum og tillögu að forgangsmarkmiðum stjórnvalda. Nálágast má gögn og annan fróðleik á vef verkefnastjórnarinnar (heimsmarkmidin.is).

Þegar fjölgað var í verkefnastjórninni í fyrra eignaðist Samband íslenskra sveitarfélaga fulltrúa í stjórninni. Sambandið mun í samstarfi við verkefnastjórnina skapa vettvang fyrir sveitarfélög til kynningar og fræðslu um markmiðin og innleiðingu þeirra.

Fyrsta kynning á sveitarfélögunum og heimsmarkmiðunum fer fram á Grand hóteli í Reykjavík, 15. febrúar nk. Sveitarfélög sem eru þegar farin af stað segja frá vinnu sinni og fjallað verður um tengingar ýmissa samstarfsverkefna á sveitarstjórnarstigi við markmiðin. Vonast ég til að sjá fulltrúa sem flestra sveitarfélaga eiga samtalið um heimsmarkmiðin á þessum áhugaverða kynningarfundi. Nánari upplýsingar um fundinn verða sendar út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Ég vona að þitt sveitarfélag muni taka fullan þátt í að innleiða heimsmarkmiðin og sjái sér hag í að nýta þann leiðarvísi sem þau fela í sér. Saman getum við nýtt leiðarljós heimsmarkmiðanna til að skapa betra líf og umhverfi fyrir okkur öll.

Sjáumst þann 15. febrúar!

Katrín Jakobsdóttir